

Þjóðsagan um Tyrkjaránið

Sumarið 1627 er merkilegt fyrir sögu Íslendinga vegna innrásar nokkurra sjóræningjaskipa á landið. Það voru tveir aðskildir hópar sem um er að ræða og ekki vitað hvort um tilviljun sé að ræða eða þetta hafi verið skipulagt samstarf. Annar hópurinn sem var frá Sale í Marokkó réðist inn í Grindavík 20. júní 1627 og tóku þar 15 menn til fanga og drápu 2. Það reyndist sjóræningjunum erfitt að ná fólki þar vegna þess að það flúði inn á Reykjanesið og faldi sig víða í hrauninu. Þaðan stefndu sjóræningjarnir fyrir Reykjanesið og að Bessastöðum, en skip þeirra steytti á skeri og urðu þeir frá að hverfa. Þeir snéru til Sale og var fólkið selt í þrældóm. Hinn hópurinn sem var frá Algeirsborg sigldi um austfirðina Berufjörð og Djúpavog en þegar kom að Fáskrúðsfirði varð austfjarðapokan íbúum til happs vegna þess að þeir náðu að fela sig og flýja. Engu að síður náðu þeir rúmlega 100 manns. Þaðan lá leið þeirra Algeirsmanna til Vestmannaeyja. Vestmannaeyingar sem höfðu haft spurnir af sjóræningjunum höfðu komið sér upp vörnum við höfnina en sjóræningjarnir sigldu fram hjá höfninni, suður með eyinni og gengu þar á land á Ræningjatanga og komu eyjamönnum algjörlega í opna skjöldu. Þeir dvöldu 3 daga í Vestmannaeyjum og grisjuðu eyjarnar afar vel. Þeir handtóku fólk og drápu þá sem veittu mótspyrnu eða þóttu ekki söluvænir. Algeirsmönnum tókst að ræna rúmlega 240 manns og drápu á fjórða tug. Aðeins 200 manns voru eftir sem hafði tekist að fela sig á ýmsum stöðum til dæmis í Hundraðmannahelli og Fiskhellum. Þann 19. Júlí 1627 sigldu Algeirsmenn til sinna heima með ránsfeng sinn, ekki lifðu allir ferðina af. Skömmu eftir komuna til Algeirsborgar var séra Ólafur Egilsson frá Vestmannaeyjum látinn laus, hann átti að fara og sækja lausnarfé. Eftir erfitt ferðalag komst hann loks til Kaupmannahafnar þar sem hann hugðist safna peningum til þess að frelsa samlanda sína. En það gekk ekki þrautalaust og tók það 9 ár frá því að ránið átti sér stað þangað til fyrstu Íslendingarnir stigu frjálssir á danska jörð. Þar dvöldust þeir um veturinn og komu svo til Íslands árið 1637, eða 10 árum eftir ránið. Margir

höfðu þurft að þola slæma meðferð í Algeirsborg og var reynt með öllum ráðum að láta fólk skipta um trú. Þannig að þegar fólk var komið í örugga höfn í Kaupmannahöfn var ákveðið að það fengi uppfræðslu í kristinni trú. Íslenskur prestur fékk það hlutverk og varð fyrir valinu Hallgrímur Pétursson sálmaskáld. Hann tengdist fólkinu sterkum böndum og hitti þar Guðrúnu Símonardóttur (Tyrkja Guddu) sem hafði verið rænt í Vestmannaeyjum. Þau felldu hugi saman og eftir komuna til landsins settust þau að Hvalsnesi vestast á Reykjanesi þar sem Hallgrímur samdi Passíusálmana.

Reisubók séra Ólafs Egilssonar frá Vestmannaeyjum er vitnisburður um þennan merkilega atburð í sögu Íslendinga, en Ólafur skrifaði hana sjálfur. Listamenn hafa fengist við að skjalfesta þennan atburð og má þar nefna leikritið Heimur Guðríðar og heimildaskáldsöguna Reisubók Guðríðar Símonardóttur en bæði þessi verk eru eftir Steinunni Jóhannesdóttur leikkonu og rithöfund. Málverk eftir Kjarval og höggmynd eftir Ragnhildi Stefánsdóttur eru til minningar um Guðríði Símonardóttur. Ritið Tyrkjaránið eftir Jón Helgason hefur mikið verið lesið og svo er nýlega búið að gera heimildamynd um Tyrkjaránið í þremur þáttum sem Þorsteinn Helgason stjórnaði upptökum á (<http://servefir.ruv.is/tyrkjaranid/>).